

Nesvegur 5 ehf.
Hellnafelli 6
350 Grundarfjörður

Reykjavík, 8.11.2024
UST202401-319/A.E.H.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 11. september 2024 - Nesvegur 5, Ásmundarnesi, Bjarnarfirði, ID 499.

Þann 11. september sl. fór fram reglubundið eftirlit í Nesvegi 5, Ásmundarnesi í Bjarnarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varða:

1. Rekstraraðila var bent á að nauðsyn þess að starfsmenn hafi þekkingu á eitrunaráhrifum efna og noti viðeigandi hlíðarfatnað.

Sjö frávik komu fram er varða:

1. Gr. 2.1 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skulu þau endurskoðuð á a.m.k. fjögurra ára fresti. Rekstraraðili er ekki með nein umhverfismarkmið.
2. Gr. 2.3 í starfsleyfi. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Öryggisblöð voru ekki til staðar.
3. Gr. 3.11 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr 888/2015. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Enginn efnaskápur er til staðar né lekabyttur. Engin öryggisblöð eru til staðar.
4. Gr. 4.1 í starfsleyfi. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er: Staðfesting á að þjálfun starfsmanna hafi farið fram sbr. gr. 2.3. Engar skráningar voru til staðar.
5. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Mæla skal magn heildarfosfórs (P-total) og heildarköfnunarefnis (N-total) við inntak vatns í stöðina og við útrás frárennslis frá stöðinni a.m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun hins vegar við lágmarksfóðrun. Engin sýni voru tekin árið 2023

6. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfur í 3., 4. og 5. kafla. Ársyfirlit fyrir árið 2023 hefur ekki ennþá skilað sér inn til Umhverfisstofnunar.
7. Gr. 3.10 í starfsleyfi og 41. gr. í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumenguna frá starfsemi á landi. Gr. 3.10 í starfsleyfi og 41. gr. í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumenguna frá starfsemi á landi. Skv. 41. gr. í reglugerðinni þurfa mengunarvarnir vera tryggðar. Árekstrarvörn vantaði við olíugeymi á svæðinu.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 2. desember 2024.

Virðingarfyllst

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
sérfræðingur